

AUGLÝSING

um deiliskipulag svifbrautar í Hlíðarfjalli.

Bæjarstjórn Akureyrar og sveitarstjórn Hörgárbyggðar hafa í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir svifbraut í Hlíðarfjalli. Deiliskipulagið fjallar um aflanga skák, frá stað skammt sunnan Skíðahótels og upp á fjallsbrún.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 26. apríl 2001.

F.h. Akureyrarbæjar,
Kristján Þór Júlíusson
bæjarstjóri.

F.h. Hörgárbyggðar,
Oddur Gunnarsson
oddviti.

30. apríl 2001

Nr. 369

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Klettaborg, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag íbúðarsvæðis við Klettaborg á Akureyri. Skipulagssvæðið liggur norðan og vestan undir brekkum niður af Kotárgerði og Kringlumýri og afmarkast í norðri af Borgarbraut. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 19 einbýlishúsalóðum og 36 íbúðum í raðhúsum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 30. apríl 2001.

F.h. Akureyrarbæjar,
Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

7. maí 2001

Nr. 370

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Áshrepp, Blönduóssbæ, Bólstaðarhlíðarhrepp, Engihlíðarhrepp,
Húnaþing vestra, Höfðahrepp, Skagahrepp, Sveinsstaðahrepp,
Svínavatnshrepp, Torfalækjarhrepp og Vindhælishrepp.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

1. gr.

Með hugtakinu almannafæri er í samþykkt þessari átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fer um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan, svo sem verslanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.